

Utg 30 mar 1913

## Rit Swedenborgs.

En jafnvel í himnarSKI er ekki alt fullkomnið enn þá, eftir því sem Swedenborg segir; og kemur það alveg heim við það sem vænta mátti, eftir kenningum Herakleitosar, Lamarcks og Spenchers. Á einum stað, segir Swedenborg, birtist Drottin-inenglum sem rauð sól. Nú vita menn það, sem Swedenborg gat ekki vitað, að ráuðar eru þær sólir, sem elli er farin að færast yfir, og þar sem því mannkynið á fylgihnöttunum (jörðunum) hefur haft afarlangan tíma til fullkomnumnar. Manni kemur því margt í hug þegar Swedenborg segir að stundum sjáist dökkur baugur kringum þessa sól og hún breyti lit, en englarnir hryggjast. Hví líkt söguefni! Og það er f. ritum Swedenborgs meira af slíku, sem þeim er sjálfur veit með fullri vissu af íbúum annara. hnatta, kemur ekki til hugar að telja annað, en vitneskju um ástandið í öðrum sólkerfum, þó að óljós sje og margt misskilið.

29/5

Helgi Pjeturss.

Jeg vissi ekki fyr en um miðjan þennan mánuð, að rit Swedenborgs eru til hjerna á landsbókasafninu. Eru rit þessi afar fróðleg á köflum og koma mjer stórum betur að gagni við rannsóknir mínar í hinni »meiri jarðfræði«, en mjer virtist geta orðið, þegar jeg var að blaða í einhverju af þeim á konunglegu bókhlöðunni í Kaupmannahöfn, og lenti nær á tómum bibliuskýringum, eins og segir, í ritgerð minni um fyrirburði. Hugsa jeg með þakklátssemi til þessarar amerísku frú Ware, sem gefið hefur ritin hingað.

Það er bón míni til þeirra, sem hlýða ætla á ræðu mína á sunnudaginn í Báruhúsini, að þeir komi stundvíslega, svo að byrjað verði kl. 5.

H. P.